



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Fundargerð skólaráðs Skóla Ísaks Jónssonar
6. nóvember 2025

Mætt: Aldís Geirdal, Pröstur Sigvaldason, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þóra Elísabet Kjeld.

Dagskrá:

1. Fundartímar
Tillaga fundar er að fundartímar verði framvegis eftir söng á sal á föstudögum.
2. Skólaárið 2025-2026
 - a. Lykiltölur
Sigríður Anna fer yfir lykiltölur ársins. Skólinn er fullur. Tekjur per nemenda hafa aukist. Við fáum 80% framlag frá Reykjavíkurborg var það 75% sem er lágmarkið samkvæmt lögnum. Foreldraframlag er bara 10% og við erum að reka okkur undir þessu meðaltali. Samlegðaráhrif hjálpa. Fjöldi starfsmanna er svipaður á milli ára. Nemendafjöldi er þá þannig að árið áður 2024 var hann 277 nemendur en er nú árið 2025 eru 280 nemendur. Tekjur voru 777 milljónir og nú eru tekjurnar 916 milljónir.
 - b. Framkvæmdir á skólahúsnæðinu
Stærsta framkvæmdin er að skipt var um gler og glugga síðasta sumar. Þegar verið var að ganga frá kom í ljós að í ákveðnum stofum var raki. Farið var í framkvæmdir við að laga og nemendum komið í aðra aðstöðu á meðan. Það á eftir að skoða undir gluggunum í nokkrum stofum. Í framhaldi ræðst hvort eitthvað þarf að gera og ef svo er verið farið í framkvæmdir strax.
 - c. 100 ára afmæli Ísaksskóla
Foreldrafélagið er að spá í að kaupa flygil fyrir skólann í afmælisgjöf. Karlakórinn Föstbræður er að spá í að syngja með börnunum. Þemadagar þyrftu einnig að snúast 100 ára afmæli skólans. Fjölmiðlaumfjöllun.
3. Ný skólanámskrá
Ný skólanámskrá er í vinnslu. Það þarf að uppfæra hana. Kennarar hafa unnið hörðum höndum við að rýna og vinna með ný hæfniviðmið aðalnámskrár. Taka þarf mið af breytingum út frá aðalnámskrá og Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skólaráð fer svo yfir skólanámskrá eins og starfsáætlun.
4. Önnur mál
Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 10:00.